

Bláskógabyggð
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss

Reykjavík, 8. nóvember 2023
UST202310-265/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. - Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 fyrir Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að breytta legu verslunar- og þjónustusvæðis (VÞ2) vegna áætlana um nýjar þjónustumiðstöðvar innan svæðisins. Skilgreind eru ný vatnsból ásamt vatnsverandarsvæðum. Auk þess er skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði með hringtækni á lóð Valhallarstígs nyðri 8.

Forsendur og ferðamenn

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir tveimur nýjum miðstöðum á svæðinu, annarsvegar nýrri þjónustumiðstöð austan við Þingvallaveg og hins vegar miðstöð fyrir rekstraraðila.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver séu áætluð þolmörk þjóðgarðsins út frá gróðurfari, náttúru, jarðmyndunum, ásýnd, o.s.frv. og hver sé ákjósanlegur fjöldi ferðamanna sem geta heimsótt garðurinn á hverjum tíma. Bent er á í því samhengi að Umhverfisstofnun hefur útbúið verkfæri sem hönnuð eru til að leggja mat á ástand svæða sem eru undir álagi vegna gestasóknar. Leggur stofnunin til að Þjóðgarðurinn nýti verkfærið til að kanna hvort þolmörkum einstakra svæða sé náð.

Umhverfisviðmið

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þar sem fjölmörg svæði innan þjóðgarðsins falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er mikilvægt að ákvæðið sé notað sem mælikvarði áhrifa sem tillagan geti haft í för með sér.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu

„brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Valkostir

Í greinargerð segir að gerð var skipulags- og matslýsing vegna vinnu við deiliskipulag og fór hún í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli. Við upphaf vinnu við deiliskipulag var gert ráð fyrir að deiliskipulagið yrði í samræmi við gildandi aðalskipulag. Vinna við deiliskipulagið hefur þróast á þann hátt að nú er talin þörf á að breyta aðalskipulagi en sú breyting er þó ekki mjög umfangsmikil, sjá upplýsingar í kafla 2.

Í greinargerð með lýsingu fyrir deiliskipulag var gert ráð fyrir fjórum staðsetningarmöguleikar fyrir mannvirkjasvæði eða framtíðar þjónustumiðstöð þjóðgarðsins sem gert er ráð fyrir að geti þróist í samræmi við þarfir þjóðgarðsins fyrir aðstöðu til að taka á móti gestum.

Ekki kemur fram hvort eigi að skoða þessa mismunandi valkosti við gerð aðalskipulagsbreytingarinnar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í umsögn stofnunarinnar varðandi lýsingu fyrir deiliskipulagi benti stofnunin á að kostir þrjú og fjögur er tiltölulega óröskuð svæði sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og því mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillögunni ef þessir staðir verða fyrir valinu hvað þeir hafa umfram þau svæðið sem eru þegar röskuð, Hakið og Leirur. En í greinargerð segir að í þessari stefnu er lögð áhersla á frekari skipulagningu og vöktun til þess að nýta megi betur þá innviði og aðstöðu sem fyrir er og útvíkka þessa þætti án þess að meira sé gengið á náttúruna en þegar er orðið.

Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt sé að huga vel að fráveitumálum og bendir stofnunin á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að í 15. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns, segir um frárennsli og fráveitur að við hreinsun skólps frá íbúðarhúsum, frístundahúsum og húsnæði tengdum ferðapjónustu skal beita ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hugað sé vel að fráveitumálum innan þjóðgarðsins þar sem mikill fjöldi ferðamanna sem heimsækir svæðið. Auk þess er það mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt er að meta sammögnunaráhrif fráveitu á svæðinu og áhrif hennar á Þingvallavatn þar sem fjölmargir sumarbústaðir eru við vatnið.

Umhverfisstofnun bendir á að í valkostagreiningu er mikilvægt að það komi fram hvaða fráveitukostir verða fyrir valinu.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari

rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við ákvæði laganna og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur